Jafnlaunastefna Límtré Vírnets

Límtré Vírnet vill vera sanngjarn og eftirsóknarverður vinnustaður. Þess vegna skuldbindur fyrirtækið sig til að greiða sambærileg laun fyrir sömu eða sambærileg störf. Markmiðið er að ákvarðanir í launamálum verði gagnsæjar, sanngjarnar og lausar við kynbundinn eða annan ómálefnalegan mun.
Til að ná þessu markmiðið fylgir fyrirtækið m.a. staðlinum ÍST 85:2012 sem uppfyllir kröfur laga um jafnlaunavottun.
Stefnan nær til alls starfsfólks Límtré Vírnets.
Laun eru þá ákvörðuð á grundvelli málefnalegra og faglegra viðmiða, svo sem:

- Eðlis og ábyrgðar starfs.
- Menntunar og starfsreynslu.
- Þekkingar og hæfni
- Vinnuaðstæðna og álags.

Launaákvarðanir byggja á starfaflokkun og fyrirfram skilgreindum, málefnalegum og kynhlutlausum viðmiðum. Við mat á störfum er horft til eðlis og ábyrgðar starfs, vinnuaðstæðna og álags, auk þeirrar menntunar, reynslu, þekkingar og hæfni sem starfið krefst. Hvert starf hefur starfslýsingu samkvæmt útgefnum starfslýsingum þar sem hlutverki og helstu verkefnum starfsins er lýst.

Jafnrétti og jöfn tækifæri

Límtré Vírnet vill vera vinnustaður þar sem að við öll fáum jöfn tækifæri til að vaxa í starfi, burtséð frá kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum. Fyrirtækið tryggir að allir starfsmenn hafi jafna möguleika til:

- Að bæta launa og starfskjör.
- Starfsþróunar og stöðuhækkana.
- Þjálfunar og endurmenntunar.
- Að ræða ábyrgð og verkefni í samræmi við starfslýsingu.

Ábyrgð og skuldbinding

Forstjóri ber ábyrgð á launastefnu fyrirtækisins. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á innleiðingu og viðhaldi jafnlaunakerfisins í samræmi við ÍST 85:2012. Stjórnendur skuldbinda sig til að fylgja stefnunni og tryggja sanngjarna og málefnalega launaákvörðun.
Límtré Vírnet skuldbindur sig til að fylgja gildandi lögum og bæta jafnlaunakerfið stöðugt.